

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	26.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Tryggvi Baldur Bjarnason	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Erla Rún Jónsdóttir og Almar Sveinsson	Staðsetning	288910,327 584086,181

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Vindbrjótar hafa ekki verið settir upp en skv. starfsleyfi átti uppsetningu þeirra að ljúka fyrir lok janúar 2024. 2) Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 21 mg/Nm<sup>3</sup> þann 9. maí 2023. 3) Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 33 mg/Nm<sup>3</sup> þann 5. desember 2023. Ein ábending var gerð þess efnis að við uppsetningu olíuskilju skal m.a. fara eftir leiðbeningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og gr. 3.11 í starfsleyfi rekstraraðila. Fimm frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Ryk í útblæstri eldri þurrkara var yfir mörkum í mælingu 8. og 9. maí 2023. 2) Styrkukning svifagna á mælipunkti nr. 3 var 52 mg/l þann 27. september 2022. 3) Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022. 4) Hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í starfsleyfi. 5) Styrkukninga svifagna utan við setlón við uppþælingu í júní 2022 var yfir mörkum.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í kalkþörungaverksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal.

Íslenska kalkþörungafélagið er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2021 og gildir til 29. janúar 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 120.000 tonnum árlega af kalki og öðrum kalkafurðum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Í eftirliti árið 2023 var rætt um að rekstraraðili boðaði fulltrúa Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og Umhverfisstofnunar á fund þrátt fyrir að ekki væri komið að því, skv. starfsleyfi, að halda samráðsfund. Sá fundur var ekki haldinn en fyrirugað er að halda samráðsfund í lok janúar 2025 og skal rekstraraðili boða hann.

Í starfsleyfi er krafa um að vindbrjótar skyldu settir upp innan þriggja ára frá útgáfu leyfisins þ.e. fyrir lok janúar 2024. Vindbrjótar hafa ekki verið settir upp og er því skráð frávík vegna þess. Þann 6. desember 2023 sendi rekstraraðili eftirlitsaðila beiðni um endurskoðun á starfsleyfi sem fælist í því að fella „úr gildi kröfu um uppsetningu vindbrjóta skv. grein 3.3. í starfsleyfi.“ Í tölvupósti dags. 20. desember 2023 kemur fram að Umhverfisstofnun áformi að hafna beiðninni. Í bréfi dags. 23. janúar 2024 ítrekar rekstraraðili „þá beiðni félagsins að Umhverfisstofnun felli úr gildi kröfu um uppsetningu vindbrjóta skv. grein 3.3 í starfsleyfi.“ Í tölvupósti dags. 7. febrúar kemur fram að Umhverfisstofnun telji „ekki forsendur til að breyta áformaðri höfnun umsóknar um breytingu á starfsleyfi.“ Rekstraraðila er bent á að senda Skipulagsstofnun erindi og óska eftir álit stofnunarinnar. Rekstraraðili sendi Skipulagsstofnun erindi og barst svar stofnunarinnar þann 3. október 2024. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að sú breyting sem rekstraraðili hefur óskað eftir, kalli ekki á „málsmeðferð skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“ Í ljósi þessarar afstöðu Skipulagsstofnunar mun Umhverfisstofnun taka

umsókn rekstraraðila fyrir að nýju.

## 2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað 30. apríl 2024. Útstreymisbókhald var ekki skilað sérstaklega en það er hluti af grænu bókhaldi og teljast því skilin fullnægjandi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað 30. apríl 2024.

Eitt þeirra frávika sem voru opin þegar eftirlitið fór fram, er vegna hávaða í íbúabyggð sem mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022. Hávaðamælingar árið 2023 sýna ekki fram á breytingu á því og t.a.m. voru yfir 90% þeirra mælinga sem voru gerðar í íbúabyggð að nóttu til, yfir leyfilegum mörkum. Í eftirlitinu var rætt um að hávaði mælist yfir mörkum þó verksmiðja rekstraraðila sé ekki í gangi og því er vafi um hvort og þá hversu oft er hægt að rekja hávaða sem mælist í íbúabyggð til hennar. Vegna óvissu um uppruna hávaða er ekki skráð frávik að þessu sinni.

Annað frávik sem var opið þegar eftirlitið fór fram var vegna þess að hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í starfsleyfi. Nýjum mælipunkti hefur nú verið bætt við í mælingar rekstraraðila og er frávikinu því lokað.

Þriðja opna frávikið er vegna of mikils ryks í útblæstri eldri þurrkara. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. apríl 2024, verður nýjum búnaði komið fyrir á eldri þurrkaranum og eru áætluð verklok í lok árs 2024. Þegar eftirlitið fór fram var vinna í gangi við að koma búnaðinum fyrir og er gert ráð fyrir að sú vinna klárast fyrir áramót. Niðurstöður mælinga ársins 2023 voru að of mikið ryk mældist í útblæstri eldri þurrkarans, 21 mg/Nm<sup>3</sup> í maí og 33 mg/Nm<sup>3</sup> í desember, og eru skráð frávik vegna þess.

Tvö opin frávik eru vegna of mikillar styrkukningar svifagna í sjó fyrir utan setlón við uppdælingu á hráefni. Niðurstöður mælinga árið 2023 voru í samræmi við kröfur í starfsleyfi og er eldri frávikunum því lokað.

Dagana 4. og 5. september 2023 fór fram vöktun á setmyndun við Bíldudalshöfn í samræmi við kröfur starfsleyfis. Vöktunin fólst annars vegar í sýnatökum úr botnseti og hins vegar myndbandsupptöku af botninum. Niðurstöður vöktunarinnar eru að vísbendingar eru um uppsöfnun kalkþörungna en ekki er talin þörf á að grípa til aðgerða að svo stöddu, þar sem starfsemi rekstraraðila er ekki eina mögulega skýring uppsöfnunarinnar. Niðurstöður næstu vöktunar, árið 2026, verða notaðar til að meta þörf á að grípa til aðgerða.

Rekstraraðili hefur leyfi til að varpa efni í hafið. Ekkert varp í hafið fór fram árið 2023 og eru því 5.540m<sup>3</sup> eftir af leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins.

## 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

## 4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar afhent í eftirlitinu.

Farið var yfir áætlanir rekstraraðila og voru eftirlitsaðila afhentar nýlega endurskoðaðar útgáfur af viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa, áætlun um rekstrarstöðvun og áhættumati vegna bráðamengunar hafs og stranda.

## 5. Önnur mál

Vinna stendur yfir við að útbúa verkstæði í húsnæði sem hefur staðið autt á lóð rekstraraðila. Í eftirlitinu var rætt um nauðsyn þess að tengja olúgidru við frárennsli verkstæðisins. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila verður lítið vatn notað í húsnæðinu og því er ekki talin þörf á stórrí olúgildru. Rekstraraðila er bent á að fara eftir „Leiðbeiningum um olúskiljur“ sem eru m.a. aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar og ákvæðum í starfsleyfi rekstraraðila, gr. 3.11.

## 6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Eins og komið hefur fram stóð yfir vinna við nýjan hreinsibúnað á eldri þurrkara. Lóð rekstraraðila hefur nú verið girt af með varanlegri girðingu. Mikið magn brotajárns hefur verið fjarlæggt af lóð rekstraraðila en hann er hvattur til að halda áfram hreinsun. Engar frekari athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

**Frávik frá****Lýsing á fráviki**

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Vindbrjótar sem skv. starfsleyfi átti að setja upp fyrir lok janúar 2024 eru ekki til staðar.

Gr. 3.6 í starfsleyfi

Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist  $21 \text{ mg/Nm}^3$  þann 9. maí 2023.

Gr. 3.6 í starfsleyfi

Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist  $33 \text{ mg/Nm}^3$  þann 5. desember 2023.**ÁBENDINGAR**

Ein ábending var gerð þess efnis að við uppsetningu olíuskilju skal m.a. fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og gr. 3.11 í starfsleyfi rekstraraðila.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.10.2024



Freyr Evarsson